

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Helstu tegundir verðbréfa - Afleiður og gjaldeyrir

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: **Helstu tegundir verðbréfa - Afleiður og gjaldeyrir (20%)**

ATH. Próf í helstu tegundum verðbréfa er þrískipt. Sjá sérstök prófblöð vegna **Hlutabréfa (40%)** og **Skuldabréf (40%)**.

Prófdagur: **11. maí 2013**

Kl.: 09:00 til 13:00

Próftími alls: **4 klst.**

Prófblöð 4
vegna þessa
hluta
prófsins,
þmt. forsíða):

Leyfileg hjálpargögn:

Öll gögn leyfileg. Notkun reiknivéla sem hafa textaminni og/eða hægt er að forrita er heimil Notkun fartölva er óheimil

Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMEREI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.


1. Fyrirtæki og banki gerðu gjaldmiðlaskiptasamning fyrir nokkru. Fyrirtækið greiðir fljótandi vexti í EUR og bankinn greiðir fasta 8% vexti í ISK. Skipst er á höfuðstólum í upphafi og lok samnings. Höfuðstóllinn í krónum er 1.500 milljónir og gengi EUR/ISK var 150 þegar samningurinn var gerður, en er nú 165. Skipst er á vaxtagreiðslum á 6 mánaða fresti. Síðast þegar fljótandi vextirnir voru ákvarðaðir voru þeir 0,75%. Nú eru 15 mánuðir eftir af samningnum og fyrirtækið vill losa sig út úr samningnum. Hver greiðir hverjum hvað í ISK? [4%]

Eingreiðsluvextir eru þeir sömu til allra tímallengda

$$r_{\text{isk}} = 6,5\%$$

$$r_{\text{eur}} = 0,55\%$$

2. Gengi GBPUSD er 1,48 í dag. Samfelldir vextir í GBP til 5 mánaða eru 1,25%. Sambærilegir vextir í USD eru 0,55%. Hvert er 5 mánaða framvirkt gengi GBPUSD? [2%]
3. Á markaði er hægt að kaupa 4 mánaða kauprétt og sölurétt á hlutabréf í XYZ hf. á 3 krónur pr. hlut. Samfelldir vextir til 4 mánaða eru 8% á ársgrundvelli og stundargengi hlutabréfanna í XYZ hf. er 55 krónur pr. hlut. Hvert væri fræðilega rétt samningsgengi valréttanna út frá þeim upplýsingum sem gefnar eru í dæminu? [3%]
4. Í dag eru 3 mánuðir síðan að gerður var framvirkur samningur til 10 mánaða á hlutabréf ABC hf. Gengi hlutabréfa ABC hf. fyrir 3 mánuðum síðan var 10 krónur pr. hlut og samfelldir 10 mánaða vextir á ársgrundvelli þá voru 15%. Arðgreiðslur voru þá einnig væntanlegar eftir 2 mánuði og 7 mánuði að fjárhæð 2 kr. pr. hlut (samfelldir vextir til 2 og 7 mánaða voru þeir sömu og til 10 mánaða). Í dag er stundargengið 8 kr. pr. hlut og samfelldir vextir til allra tímabila eru 12%. Hvert er virði framvirka samningsins, pr. hlut, í dag fyrir þann sem seldi framvirkt? [4%]
5. Hver er samanlagður hagnaður á hvern hlut á gjalddaga af eftirfarandi stöðum?
(Gerið ráð fyrir að kaup- og söluverð valréttanna miðist við gjalddaga og stöður m.v. 1 hlut í hverju hlutabréfi) [2%]
 - a. Þú kaupir kauprétt með samningsverð \$100 sem kostar \$4. Stundargengi á gjalddaga er \$106
 - b. Þú seldir kauprétt með samningsverð \$48 og færð greitt \$2. Stundargengi á gjalddaga er \$53.
 - c. Þú kaupir sölurétt með samningsverð \$30 sem kostar \$5. Stundargengið á gjalddaga er \$25
 - d. Þú tókst skortstöðu í framvirkum samningi með samningsverð \$90. Stundargengi á gjalddaga er \$92
6. Svárið eftirfarandi fullyrðingum rétt eða rangt (ekki er dregið frá fyrir rangt svar) [5%]



	Fullyrðing	Rétt	Rangt
1	Mynd 1 er langur söluréttur. Þú kaupir sölurétt og átt því réttinn á því að selja ákveðið verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum tíma.		

	Mynd 2 er stuttur söluréttur. Þú selur sölurétt og ert því skyldugur til að selja ákveðið verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum tíma. Mynd 3 er langur kaupréttur. Þú kaupir kauprétt og átt því réttinn á því að kaupa ákveðið verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum tíma.		
2	Mynd 1 er langur kaupréttur. Þú kaupir kauprétt og átt því réttinn á því að kaupa ákveðið verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum tíma. Mynd 2 er stuttur kaupréttur. Þú selur kauprétt og ert því skyldugur til að kaupa ákveðið verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum tíma. Mynd 3 er langur söluréttur. Þú kaupir sölurétt og átt því réttinn á því að selja ákveðið verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum tíma.		
3	Mynd 4 má búa til með kaupréttum		
4	Mynd 4 má búa til með því að kaupa sölurétt með samningsgengi x og selja sölurétt með samningsgengi Y , þar sem $y < x$		
5	Stundargengi, framvirkt verð og flökt eru nokkrir af þeim þáttum sem hafa áhrif á verð valrétta		
6	Evrópska söluréttarsamninga (e. European put) er hægt að nýta hvenær sem er á líftíma samnings.		
7	Amerískan kauprétt (e. American call) má nýta hvenær sem er á líftíma samnings.		
8	Pund er grunnmynt gagnvart dollara og evru. Evra er grunnmynt gagnvart dollara.		